

**4. gr.**

Þessa viðbótarbókun skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin svo skjótt sem við verður komið afhent norska utanríkisráðuneytinu til varðveislu.

Bókun þessi skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu, og skal það senda ríkisstjórnnum aðildarlandanna staðfest afrit.

Bókun þessi tekur gildi á þeirri stundu, sem Ráðherranefndin í samráði við stjórnarnefnd Norðurlandaráðs ákveður, þó ekki fyrr en samningurinn um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra tekur gildi.

**5. gr.**

Þessari viðbótarbókun er hægt að segja upp í samræmi við 16. grein samningsins um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra. Ef samningnum er sagt upp, fellur viðbótarbókunin sjálfkrafa úr gildi um leið og hann.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar landanna, sem til þess hafa umboð, undirritað þessa bókun.

Gjört í Osló hinn 15. maí 1973 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fyrir Ríkisstjórn Danmerkur:  
**Jörgen Trier Jacobsen.**

Fyrir Ríkisstjórn Finnlands:  
**Olavi Munkki.**

Fyrir Ríkisstjórn Íslands:  
**Agnar Kl. Jónsson.**

Fyrir Ríkisstjórn Noregs:  
**Hallvard Eika.**

Fyrir Ríkisstjórn Svíþjóðar:  
**Richard Hichens-Bergström.**

28. nóvember 1973.

Nr. 93.

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 46 frá 10. júní 1960, um Verslunarbanka Íslands h.f.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Við 5. gr. laganna bætast eftirfarandi málsgreinar, er verði 2. og 3. mgr.:

Nú er ákveðið í samþykktum félagsins, að stjórnin skuli skipuð fleiri en 3 aðalmönnum, og er þá einnig heimilt að ákveða, að stjórnarmenn skuli kosnir til lengri tíma en árs í senn og á vixl, þannig að 2 aðalmenn hið fæsta ásamt jafnmörgum varamönnum verði í kjöri á aðalfundi hverjum.

Heimilt er og að ákveða, að formaður stjórnarinnar skuli kosinn sérstakri kosningu á aðalfundi, til eins árs eða fleiri í senn.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 28. nóvember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*